


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 1. FEBRÚAR 2018 | 5. tbl. 16. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

BERJAVELLIR



103m² 41,9 millj. kr.

Sérlega falleg 4ra herb. íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi. Þrjú góð svefnherbergi. Afgirt verönd.

KLAPPARHOLT



209m² 79,9 millj. kr.

Sérlega fallegt pallabyggt einbýli með innbyggðum bílskúr. Frábært útsýni yfir fjörðinn og til sjávar. Mjög fallegur garður.

KVISTAVELLIR 10 & 14



145m² 65 og 68,9 millj. kr.

Glæsileg ný raðhús á einni hæð, skilast húsin fullbúin. Hátt til lofts. Traustur verktafi með áratugareynslu.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA


Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is | facebook.com/vonmathus

MATHÚS BAR VON

Samþykkja skipulag þrátt fyrir mótmæli íbúa

Tvö atkvæði í skipulagsráði dugðu til samþykktar

Breyting á deiliskipulagi Hamarsbrautar 5 hefur farið nokkra hringi í stjórnkerfinu og var umsögn skipulagsstjóra samþykkt með 2 atkvæðum í

skipulags- og byggingarráði og málinu vísað aftur til bæjarstjórnar. Mikil óánægja hefur verið hjá íbúum sem ítrekuðu mótmæli sín á kyn-

ingarfundi um málið fyrir skömmu. Fréttin er uppfærð. Verið er að breyta einbýlislóð í lóð undir tvíbýli. - sjá bls. 2

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Ólíulaus



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði



Margt breytist í þokunni. Sjá umfjöllun um Í skugga Sveins á bls. 8-9.

ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200



Frumherji

BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5

Opið kl. 8-17 virka daga

Rekstraraðili óskast

á veitingastað með fallegt sjávarútsýni í Hafnarfirði

231m² / 70 manns í sæti • Full innréttað • Útbúið tækjum • Möguleiki á rekstri spilasalar • Losnar fljótlega

Á besta stað í hjarta Hafnarfjarðar



Guðmundur 615 0009



fjordur@fjordur.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarahúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarahúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Deiliskipulagsbreyting Hamarsbraut 5

Framhald af forsiðu

Breytingin felst í að: Komið er fyrir tvíbýli á lóðinni. Ekki eru gerðar tillögur að öðrum skilmála breytingum. Heimilt byggingarmagn á lóð verður áfram 204,8 m² (nhl. 0,45) og aðrir þættir en snúa að gerð hússins eins og kveður á um sk. gildandi skilmálum. Bílastæði eru leyst innan lóðar og eru nú staðsett fyrir miðju lóðar við Hamarsbraut 5, í stað þess að vera að aðliggjandi lóðarmörkum líkt og fyrr tillaga gerði ráð fyrir. Lang flest húsinn við götuna eru einbýlishús. Á nærliggjandi lóðum við Hamarsbraut 5 eru tvö hús sem eru parhús, þ.e. tvær íbúðir í hvoru húsi um sig.

Skipulagsyfirlöng setja þá kvæð að leysa þurfi bílastæði innan lóðar. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum inni á lóð við Hamarsbraut 5, eða tvö fyrir hvorn hluta fyrir sig m.v. að parhús risi á lóðinni. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 3 bílastæðum lóð við fimm húsanna við Hamarsbraut. Tveimur stæðum

við 4 hús og eitt stæði á lóð við 4 þeirra. Eitt hús við götuna hefur ekki bílastæði á lóð og sk. gildandi skipulagi verða þau tvö. Umferðarsérfræðingur hefur farið yfir áhrif umferðar við aukningu einnar íbúðar við Hamarsbraut og telur þau minniháttar.

Breytingarnar voru grenndarkynntar frá 29.6.2017 til 10.08.2017. Athugasemdir bárust frá þrettán íbúum í næsta nágrenni.

Það er mat skipulagsfulltrúa að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið með tillögu dags. 30.05.2017, þá er fyrir liggjandi lausn bílastæða fullnægjandi, byggingarreitur óbreyttur, hæð mannvirkja óbreytt og byggingarmagn óbreytt. Í því ljósi er lagt til að málinu verði lokið í samræmi við 42. gr. skipulagslaga.



leiðarinn

Innbrotspjófur hafa verið á ferli á höfuðborgarsvæðinu og virðis sem þar sé skipulagður hópur eða hópar á ferð. Virðast menn vera áragir að ganga að húsnum og athuga hvort hurðir séu læstar og sama gera menn við bíla. Óryggi hellist yfir íbúana sem átta sig á því að fólk sé að sniglast við hús þeirra í tilraun til að komast yfir eitthvað verðmætt.

Lögreglan varar við þessum þjófum en því miður sjást lögregluþjónar ekki mikið á ferð í hverfum bæjarins og forvarnargildi þeirra hefur minnkað verulega. Fólk reynir að bindast samtökum um nágrannavörslu sem því miður er oft lítið meira en skiltin ein. Það er til lítills ef fólk þekkir ekki nágretta sína og vita ekki um ferðir þeirra. Nágrannavarsla byggist á því að fólk sem þekkest snýr bókum saman og gætir hvers annars. Því er sterkur leikur að kynnst nágroñnum sínum og sameiginlegar götuhátíðir eru góð leið til að kynnst fleirum en nágroñnum í næsta húsi.

Sífelld fleiri setja upp eftirlitsmyndavélar en hver vill búa í þjóðfélagi þar sem eftirlitsmyndavélar fylgjast með öllum okkar hreyfingum. Margar þeirra eru ekki það góðar að fólk þekkest á myndum úr þeim svo greinilegt er að eitthvað annað þarf að gera til að fæla innbrotspjófa frá.

Ég gekk of langt í vikunni og kallaði þann sem gegnir embætti samskiptastjóra bæjarins spuna-meistara. Var honum illa við það og það er afsökunar á því enda ekki ætlunin að ráðast að persónunni. Þegar upplýsingafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar var sagt upp og samskiptastjóri var ráðinn breyttust samskipti við Hafnarfjarðarbæ til hins verra. Greinilegt var frá upphafi að verið væri að búa til embætti sem ætti að sinna því sem einhverjir myndu kalla áróður en að minnsta kosti átti að reyna að stýra umræðunni um málefni Hafnarfjarðar meira en áður hafði tíðkast.

Af hverju ætti blaðamaður ekki að vera í beinu sambandi við þann sem þekkir fráveitukerfi bæjarins þegar það bílar í stað þess að leita til samskiptastjóra svo hann geti spurt veitustjórnann? Það má vel vera að vel sé meint að reyna að stýra umræðunni en ég segi „nei takk“ við slíkum tilburðum.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is



Frikirkjan
í Hafnarfirði

Sunnudagur 4. febrúar:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldmessa með altarisgöngu kl. 20

„Sáðmaður fór út að sá.“

Kór og hljómsveit kirkjunnar leiðir sönginn.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Boðunarkirkjan

Álfaskeiði 115 | sími 555 7676
www.bodunarkirkjan.is

Prestur og forstöðumaður:
Steinþór Þórðarson sími 849 9584

Alla laugardaga kl. 11, fram í mars mun Steinþór fjalla um hin stórbrotnu efni Opinberunarbókarinnar. Þessi síðasta bók Biblíunnar er bæði hrifandi og auðskilin. Allir hjartanlega velkomnir. Veitingar eftir samkomu.

Á Útvarpi Boðun FM 105,5 er Biblíufræðsla allan sólarhringinn



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 4. febrúar

Fjölskylduhátíð kl. 11

Barnakór Víðistaðakirkju syngur undir stjórn Helgu Þórdísar. Umsjón María og Bryndís. Hressing í safnaðarsal á eftir

Kyrrðarstund
á miðvikudögum kl. 12:10.
Súpa og brauð á eftir.

www.vidistadakirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 4. febrúar

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Bibludagurinn.

Morgunmessa, TTT, barna- og unglingskórar.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Bæjarbíó hlaut Hvatningarverðlaun Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Árleg Hvatningarverðlaun Markaðsstofu Hafnarfjarðar voru veitt í annað sinn sl. fimmtudag

Hvatningarverðlaun Markaðsstofu Hafnarfjarðar í ár komu í hlut Bæjarbíós og rekstraraðilum þess þeim Páli Eyjólfssyni og Pétri Stephensen. Verðlaunin fengu þeir fyrir að hafa lyft bæjaranda Hafnarfjarðar með starfsemi sinni og athöfnum og eru verðlaunin þakklætisvottur Markaðsstofunnar fyrir óeigingjarnt starf við að gera Hafnarfjörð að betra samfélagi.

Í umsögn stjórnar Markaðsstofunnar segir að Bæjarbíó hafi boðið upp á framúrskarandi fjölbreytileika í tónleikahaldi og viðburðum en um 100 viðburðir og tónleikar voru haldnir í Bæjarbíói á síðasta ári. „Bæjarbíó laðar að miðbænum gesti alls staðar að og glæðir bæinn lífi. Innkoma Bæjarbíós hefur verið mikil lyftistöng fyrir Hafnarfjörð og margfeldisáhrifin hafa haft jákvæð afleidd áhrif fyrir fyrirtækin í bænum.

Auk þess var komið á fót í Bæjarbíói nýrri árlegri þriggja daga tónlistar- og



Páll Eyjólfsson og Pétur Ó. Stephensen rekstraraðilar Bæjarbíós.

bæjarhátíð „Hjarta Hafnarfjarðar“. Þar sem boðið var upp á stórskotalið íslenskrar tónlistar sem gestir hátíðarinnar kunna sannarlega vel að meta. Það er því óhætt að segja að þeir Páll og Pétur hafi komið inn með krafti og gleði á árinu 2017 og eru vel að verðlaununum komnir.“

VIÐURKENNINGAR

Stjórn Markaðsstofunnar veitti auk þess tvær viðurkenningar.

Ingvar Guðmundsson eiganda Dyr ehf. var veitt viðurkenning fyrir að hafa verið í fararbroddi og stuðlað að skemmtilegri uppbyggingu að Strandgötu 75.

Þá var systrunum Guðrúnu og Sjöfn Sæmundsdætrum í Dalakofanum einnig veitt viðurkenning fyrir þrautseigju, einurð og fyrir að hafa staðið vaktina allan þennan tíma en fyrirtækið var stofnað árið 1975.



Ingvar Guðmundsson í Dyr ehf. ásamt formanni og framkvæmdastjóra Markaðsstofu Hafnarfjarðar, Lindu Hilmarsdóttur og Asu Sigríði Þórisdóttur.



Guðrún Sæmundsdóttir í Dalakofanum ásamt formanni og framkvæmdastjóra Markaðsstofu Hafnarfjarðar.



Hvatningarverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Hafnarborg fimmtudagin 25. janúar sl.

Markaðsstofan er sjálfseignarstofnun rekin af fyrirtækjunum í bænum og Hafnarfjarðarbæ. Tilgangur stofunnar er að efla samstarf atvinnulífs, bæjarfélagsins og annarra sem vilja stuðla að uppbyggingu innan Hafnarfjarðar, í þeim tilgangi að bæta mynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu.

Bókhaldspjónusta A-Ö

- Ársreikningar
- Vsk. uppgjör
- Launavinnsla



Sími 621 5045

e-mail: jkfbok@outlook.com

Kostir og gallar Borgarlínu

Umræðan um Borgarlínu hefur ekki farið fram hjá mér frekar en mörgum öðrum á undanföllum vikum.

Á þessum tíma hef ég verið að mynda mér skoðun á málinu og hef ég sveiflast fram og til baka því umræðan hefur einkennst af því að vera annað hvort mikið hlyntur verkefni eða andvígur. Heilbrigð skoðanaskipti eru einn af hornsteinum menningar okkar í Viðreisn og markmið okkar er ávallt að sjá og skilja heildarmyndina almenningi til heilla. Við erum óhrædd að draga að borðinu ólík sjónarmið og velta við öllum steinum því aðeins þannig getum við unnið að almannahagsmunum.

Við í Viðreisn í Hafnarfirði viljum leggja okkar lóð á vogarskálar heil-

brigðra skoðanaskipta og blásu því til borgarafundar í Bæjarbíói þriðjudaginn



Jón Ingi Hákonarson

6. febrúar þar sem Lilja G. Karlsdóttir samgönguverkefningur og Frosti Sigurjónsson fyrrum alþingismaður munu viðræða skoðanir sínar á kostum og göllum Borgarlínunnar. Einnig mun Hrafnkell Karlsson menntaskólanemi ræða um sína sýn á billausum lífsstíl.

Viðreisn í Hafnarfirði býður alla hjartanlega velkoma í Bæjarbíó og við lofum líflegum og fræðandi fundi um mikilvægt mál sem snertir okkur öll.

Höfundur er formaður Félags Viðreisnar í Hafnarfirði

Hallveig Rúnarsdóttir syngur á hádegistónleikum

„Dívur í dulargervi“ er yfirskrift fyrstu hádegistónleika Hafnarborgar í ár

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona syngur aríur eftir Mozart, Dvorák og Strauss á fyrstu hádegistónleikum áris í Hafnarborg á þriðjudaginn. Með henni er að sjálfsgöðu hafnfirski píanóleikarinn Antonía Hevesí listrænn stjórnandi tónleikanna frá upphafi en tónleikaröðin er komin á sitt fimmtánda ár.

Tónleikana nefna þær „Dívur í dulargervi“ en aríurnar eiga það allar sameiginlegt að tengjast konum sem að á einn eða annan hátt villa á sér heimildir.

Hallveig Rúnarsdóttir lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001. Hallveig hefur sungið nokkur óperuhlutverk, flest hjá Íslensku Óperunni en einnig víðar. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim, hefur sungið sópranhlutverkið í mörgum helstu stórverkum tónbókmenntanna og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómssveit Íslands auk fjölda annarra hljómssveita.

Hallveig hefur sérstaklega verið virk í flutningi nýrrar tónlistar. Hún hefur haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og erlendis undanfarið ár þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng. Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í sigildri- og samtíma-



Hallveig Rúnarsdóttir.

tónlist árið 2013 fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í Carmen hjá Íslensku Óperunni. Þá hefur hún í tvígang verið tilnefnd til Grímuverðlaunanna og tvívegis fengið tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna, árið 2014 og nýlega fyrir söng sinn í 3. Sinfóníu Góreckis með Sinfóníuhljómssveit Íslands. Hallveig kenndi í nokkur ár við Tónlistarskólann í Hafnarfirði.

Innbrot, skemmdarverk og ógnun með eggvopni

Óvenju fjölbreytt dagbók lögreglu

Eftir að lögreglan varaði við fjölgun innbrota á höfuðborgarsvæðinu hafa íbúar verið varir um sig og á samkiptasíðum hverfa bæjarins má víða sjá umræður um dularfulla menn.

Dagbók lögreglunnar í Hafnarfirði hefur verið nokkuð litskrúðug undanfarna daga og eftirfarandi mátti t.d. sjá þar:

Þriðjudagur kl. 06:22 var tilkynnt um innbrot og þjófnaði í verslun. Aðili farin af vettvangi er lögregla kom.

Í öryggismyndavélum sést maður brjótast inn í verslunina með því að spenna upp útihurðina.

Kl. 07:08 er tilkynnt um innbrot og þjófnaði í Íþróttamiðstöð. Þar á vett-

vangi er maðurinn handtekinn og hann vistaður í fangageymslu.

Klæðaburður mannsins og hæð er sú sama og á mannum sem sást hafði í öryggismyndavélum í versluninni skömmu áður.

Kl. 04:59, tilkynnt um innbrot í leikskóla í Hafnarfirði. Ekkert vitað hvort eitthvað var tekið þegar þetta er ritað.

Mánudagur kl. 23:01: Tilkynnt um mikil læti úr íbúð í Hafnarfirði. Tilkynnandi sagði að verið væri að henda hlutum niður af svölum. Þarna var handtekin kona sem búin var að taka til hendinni innandyra hjá sér og leggja íbúðina í rúst, einnig hafði hún hent hlutum niður af svölunum sem lent höfðu á bifreiðum sem lagt var fyrir neðan íbúðina. Ekkert þýddi að ræða við konuna og því var hún handtekin og flutt á lögreglustöðina Hverfisgötu þar sem hún var vistuð sökum ástands og verður hún yfirheyrð þegar af henni rennur.

Sunnudagur kl. 19:35: Karlmaður handtekinn í Hafnarfirði, en hann ógnaði konu með eggvopni. Gistir nú í fangaklefa þar til hægt verður að ræða við hann.

21:56: Höfð afskipti af tveimur einstaklingum vegna gruns um vörslu fikniefna.

Fólk fylgist með

Fólk er hvatt til að láta lögreglu vita um grunsamlegar mannaferðir (taki ljósmyndir ef slíkt er mögulegt) og að það skrifi líka hjá sér, t.d. bílnúmer eða jafnvel lýsingar á fólki, ef eitthvað óvenjulegt á sér stað í nánasta umhverfi þess. Innbrotshjófár fylgjast gjarnan með húsum áður en þeir láta til skarar skriða, hringja jafnvel dyrabjöllunni og þykjast vera að spyrja eftir einhverjum, og því er mikilvægt að hafa þessi atriði í huga. Lögreglan vill enn fremur minna á mikilvægi þess að fólk gangi tryggilega frá heimilum sínum, t.d. að loka gluggum, þegar það fer að heiman og ekki er úr vegi að tilkynna nágrönnum um slíkt, en nágrannavarsla getur skipt sköpum þegar kemur að því að upplýsa innbrot eða koma í veg fyrir þau. Sérstaklega er minnt á að útiljós séu kveikt þar sem þau eru til staðar, hvort sem um ræðir bakatil við hús eða að framanverðu. Slíkt einfaldar nágrönnum að sjá umferð/mannaferðir við hús.

Upplýsingum má koma á framfæri á síma 444 1000, með einkaskilaboðum á fésbókarsíðu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eða í pósti á abending@lrh.is. Við yfirstandandi innbrot skal undantekningarlaust hringja í 112.

GÓÐ VERÐ Í FEBRÚAR



GRANDIOSA 5 TEG. 499
KR/STK
VERÐ AÐUR 729 KR/STK
968 - 1.040 KR/KG

GRANDIOSA GLUTENFRI 590 G 699
KR/STK
VERÐ AÐUR 929 KR/STK
1.185 KR/KG



FULFIL 55 G 229
KR/STK
VERÐ AÐUR 274 KR/STK
4.164 KR/KG



LARA 100 G 99
KR/STK
VERÐ AÐUR 124 KR/STK
990 KR/KG

SPORT LUNCH 50 G 99
KR/STK
VERÐ AÐUR 124 KR/STK
1.980 KR/KG



TOPPUR SÍTRÓNU 500 ML 99
KR/STK
VERÐ AÐUR 124 KR/STK
198 KR/L



NAKED 450 ML 399
KR/STK
VERÐ AÐUR 529 KR/STK
887 KR/L



MAARUD FLOÐUR 280/290 G 399
KR/STK
VERÐ AÐUR 529 KR/STK
1.425/1.376 KR/KG



ALPRO 1L 229
KR/STK
VERÐ AÐUR 264 KR/STK
229 KR/L



CULT RAW 500 ML 199
KR/STK
VERÐ AÐUR 264 KR/STK
398 KR/L

CULT 250 ML 149
KR/STK
VERÐ AÐUR 174 KR/STK
596 KR/L



AVA 500 ML 129
KR/STK
VERÐ AÐUR 154 KR/STK
258 KR/L



NATURE VALLEY 210 G 3 TEG. 199
KR/STK
VERÐ AÐUR 264 KR/STK
948 KR/KG



JACOBS PÍTUBRAUÐ 400 G 199
KR/STK
VERÐ AÐUR 264 KR/STK
498 KR/KG



HAUST HAFRAKEX 225 G 199
KR/STK
VERÐ AÐUR 264 KR/STK
884 KR/KG



Minntust þess að 90 ár eru frá stofnun Slysavarnarfélags Íslands

Þrenn björgunarsamtök sameinuðust í Slysavarnarfélagið LANDSBJÖRG 2. október 1999

Slysavarnarfélagið Landsbjörg var stofnað 2. október 1999 er Landsbjörg, landssamband björgunarsveita og Slysavarnarfélag Íslands sameinaðist í eitt félag, Slysavarnarfélagið Landsbjörg og verður félagið því 19 ára á þessu ári.

Landsbjörg hafði verið stofnað 25. september 1991 með sameiningu Landssambands Hjálparveitar skáta og Landssambands Flugbjörgunarsveita og var Ólafur Proppé fyrsti formaður þess sem einnig var fyrsti formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Sl. mánudag fagnaði félagið því að 90 ár eru síðan eitt af stofnfélögnum, Slysavarnarfélag Íslands var stofnað, 29. janúar 1928. Á stofnfundinum gengu nær 200 manns í félagið en félaginu var



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Lýðm.: Guðni Gíslason

Hvítu blysi var skotið upp kl. 21 sl. mánudagskvöld til minningar um stofnun Slysavarnarfélags Íslands.

Fjölmargir mættu í veisluna, bæði yngra og eldra björgunar- og hjálpar-sveitarfólk.



Gísli J. Johnsen, formaður Björgunarsveitar Hafnarfjarðar býður fólk velkomid.

ætlað það hlutverk að draga úr slysum á sjó og koma upp búnaði til björgunar.

Stofnun félagsins markaði upphaf að skipulögðu björgunarstarfi á Íslandi en fyrstu landbjörgunarsveitirnar voru Hjálparveitir skáta en fyrsta sveitin var stofnuð 1932. Fyrsta Flugbjörgunarsveitin var svo stofnuð 27. nóvember 1950 í kjölfar björgunarinnar á Geysi á Vatnajökli.

Björgunarsveit Hafnarfjarðar bauð til veislu í Björgunarmiðstöðinni Kletti við Hvaleyrarbraut en kl. 21 var skotið upp hvítu svifblysi frá björgunarmiðstöðinni sem og öllum öðrum björgunarsveitarhúsum landsins. Reyndar var tveimur blysum skotið upp, því þar sem blysin voru gömul vildu menn vera vissir um að blysi færi á loft. Ekkert amaði hins vegar að blysunum enda gæðavara.

Boðið var upp á afmælisköku og heitt súkkulaði en bein útsending var frá stjórnarfundum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar þar sem Katrín Júlíusdóttir forsætisráðherra flutti ávarp.

Björgunarsveit Hafnarfjarðar varð til við sameiningu Björgunarsveitarinnar Fiskakletts og Hjálparveitar skáta í Hafnarfirði 26. febrúar árið 2000.



Unga kynslóðin sækist í ævintýri björgunarsveitanna.

Fyrsta merkið eftir sameiningu Landsbjargar og Slysavarnarfélags Íslands 2. október 1999



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Landssamband björgunarsveita



Fjölmargir mættu til að minnst tímamótanna og gleðjast með öðrum.

Lýðm.: Guðni Gíslason



Feðgarnir Sigurður og Guðmundur.



Hér má sjá nokkra öfluga félaga úr Hjálparsevit skáta í Hafnarfirði.



Formaðurinn skar fyrstu sneiðina af afmælisökunni.



Þessar hafa verið öflugar í starfinu í gegnum tíðina.



Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði

Auglýst eftir framboðum til prófkjörs í Hafnarfirði

Samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði fer fram prófkjör þann 10. mars 2018 um val frambjóðenda á lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði fyrir sveitarstjórnarkosningar sumarið 2018.

Atkvæðisrétt í prófkjörinu hafa allir skráðir félagsmenn sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði sem þar eru búsettir og þeir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins, sem eiga munu kosningarétt í Hafnarfirði við kosningarnar og undirritað hafa inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag í Hafnarfirði fyrir lok kjörfundar.

Frambjóðendur til prófkjörs skulu valdir þannig:

- Gerð er tillaga til kjörnefndar innan framboðsfrests sem kjörnefnd setur. Tillagan er því aðeins gild að hún sé bundin við einn flokksmann. Enginn flokksmaður getur staðið að fleiri tillögum en sex.
- Tillagan skal borin fram af 20 flokksmönnum búsettum í Hafnarfirði.

Kjörnefnd er heimilt að tilnefna prófkjörsframbjóðendur til viðbótar frambjóðendum samkvæmt a-lið.

Hér með er auglýst eftir tillögum að framboðum til prófkjörs, sbr. a- og b-liði hér að ofan. Framboð skal vera bundið við flokksbundinn einstakling, enda liggi fyrir skriflegt samþykki hans um að hann gefi kost á sér til prófkjörs. Frambjóðendur skulu vera kjörgengir í sveitarstjórnarkosningunum.

Tillögum að framboðum ber að skila, ásamt mynd af viðkomandi og stuttu æviágripi á tölvutæku formi, á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins, Valhöll, Háaleitisbraut 1, Reykjavík, eigi síðar en kl. 16.00, þriðjudaginn 20. 1. FEBRÚAR 2018.

Um prófkjörið vísast til skipulagsreglna og prófkjörsreglna Sjálfstæðisflokksins, sjá www.xd.is

Kjörnefndin



Í skugga Sveins frumsýnt í Gaflaraleikhúsinu

Karl Ágúst Úlfsson hefur fært söguna um Skugga-Svein í alveg nýjan búning

Í skugga Sveins er bæði þjóðlegt og fróðlegt verk byggt á einu af elstu leikritunum sem varðveist hefur á íslensku, Skugga-Sveini eftir Matthías Jochumsson.

Grasa-Gudda, Haraldur útilegumaður, Ásta í Dal og Sigurður faðir hennar leika nú lausum hala á sviði Gaflaraleikhússins. Líka Gvendur smali, Lárenzús sýslumaður, Ketill skrækur - og svo auðvitað Skugga-Sveinn sjálfur.

Það er Karl Ágúst Úlfsson sem hefur fært söguna í nýjan búning handa nýjum kynslóðum, sem ef til vill hafa aldrei fengið að kynnast þessum dýrmæta menningararfi.

Sagan um útilegumanninn Skugga-Svein og ógnina sem byggðafólkinu stafar af honum er íslenskt ævintýri sem lýsir lífsbaráttu í landi þar sem trúin á álfa, tröll og drauga er jafnsjálfsögð og náttúruöflin. Fólkið í dalnum og fólkið á fjöllum lítur hvað annað hornauga - en ef til vill er ekki allt sem sýnist og eitt er víst, að margt býr í þokunni.

FARIÐ FRJÁLSLEGA MEÐ

„Þetta er íslenskt ævintýri sem við byggjum á leikriti Mathíasar Jochumssonar, Skugga-Sveini en förum nokkuð frjálst með það,“ segir Karl Ágúst Úlfsson höfundur leikritsins Í skugga Sveins en hann er jafnframt einn þriggja leikara verksins sem frumsýnt verður á laugardaginn í Gaflaraleikhúsinu.



Karl Ágúst Úlfsson skrifaði leikritið og leikur jafnframt í því mörg hlutverk.

Segir Karl að í leikritinu sé haldið í þær persónur sem eru áhugaverðastar og hafa lifað lengst með þjóðinni. Þarna megi því sjá Grasa-Guddu, Skugga-Svein, Gvend Smala, Ástu í Dal og

Harald útilegumann, persónur sem a.m.k. eldri kynslóðin kannast við. Leikritið var eitt ástsælasta leikrit þjóðarinnar og sett upp af flestum

leikfélögum á fyrri hluta 20. aldar en hefur lítið verið sýnt undanfarið.

„Við vildum blása nýju lífi í það,“ segir Karl Ágúst sem taldi að ekki séu til fordæmi fyrir svona útfærslu á leikritinu.

Hvað hafðir þú að leiðarljósi við gerð leikritsins?

„Það er svo skrytið með lífið að það fer oft í hringi. Það vill svo til að ég hef leikið oftast í þessu leikriti en nokkru öðru. Mér þykir því alltaf svolítið vænt um það. Ég hafði að leiðarljósi að segja söguna af Skugga-Sveini og að halda til haga því sem er skemmtilegt í sögunni og auðvitað líka því sem er dramatískt. En það sem fólki hefur þótt fyndið, kostulegt og hefur haft eitthvað skemmtanagildi, það er það sem ég hef reynt að tina út úr sögunni og halda til haga.“

ÞRÍR LEIKENDUR EN FIMMTÁN HLUTVERK

Leikendur eru aðeins þrír en Eyvindur Karlsson, sonur Karls Ágústs, leikur Skugga-Svein, Kristjana Skúladóttir og Karl Ágúst skipta svo bróðurlega á milli sín afganginum af hlutverkunum og leika 6 eða 7 persónur hvort en Karl Ágúst segir að þau hafi lagt upp með að setja þetta upp á stílfærðan hátt, að fáir leikarar væru að leika mörg hlutverk.

„Ég vona að fólki skemmti sér vel, ég vona að fólki finnst eitthvað varið í að fá að kynnast þessum persónum en þessi saga er auðvitað menningarverð-



Karl Ágúst og Kristjana Skúladóttir á æfingu í Gaflaraleikhúsinu.



Eyvindur Karlsson leikur á fjölmörg hljóðfæri í sýningunni.

mæti. Eitthvað sem ekki má tynast eða gleymast og við megum ekki hætta að segja þessa sögu. Þetta er saga um réttlætið og réttvísina. Af hverju er þessi maður uppi á fjöllum?, af hverju var hann hrakinn úr mannabyggð?, hvað varð til þess? og hver á rétt á því að dæma annan? og hvað er satt og hvað er logið.“

„Við förum saman í vinnubúðir í október; þá lágu fyrstu drög að handriti fyrir og unnum mjög vel eina langa helgi og mótuðum þá aðferðina sem

harmónikku, bassatrommu, kazoo, kalimbu, nasafloutu, hristur og ýmis slagverkshljóðfæri, en allur hljóðfæraleikur fer fram á sviðinu. Eyvindur samdi einnig tónlistina í Góða dátanum Svejk og Hasek vini hans og sýningu Leikfélags Hafnarfjarðar á Ubba kóng þar sem hann var einnig á sviðin.

MARGIR KOMA AÐ

Handrit og söngtexta gerði Karl Ágúst Úlfsson en hann hefur áður samið söngleikina Örfá sæti laus, Fagra




Gervin eru mörg og fjölbreytt og voru ekki fullmótuð þegar myndin var tekin.

vildum beita við að setja þetta á skrif,“ segir Karl Ágúst um úrvinnsluna. „Úr varð mjög stílfærð sýning þar sem við leitum í mjög gamlar evrópskar hefðir og beitung svo okkar aðferðum við að segja söguna. Við erum að segja sögu sem vísar í nútímann og er sigild vegna þess að við tengjum okkur ennþá við þessar persónur.“

Það má því segja að sýningin verði bæði mjög nútímaleg og gamaldags en víst er að áhorfendur eiga eftir að skemmta sér vel og það sem blaðamaður sá af sýningunni lofar mjög góðu.

veröld, Sól og Máni, Gosi, Gulleyjan og Umhverfis jörðina á 80 dögum auk leikritanna Í hvítu myrkri, Stóllinn hans afa, Ættarlaukur, Ömerktur ópus í C-moll og Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans, sem Gaflaraleikhúsið sýndi fyrir tveimur árum.


Kristjana Skúladóttir hefur meðal annars leikið í söngleikjunum Carmen, Kabarett, Gretti, Superstar og Gosa þar sem hún lék álfadísina góðu. Kristjana setti upp kabarettinn Söngkonur stríðsáranna og gladdi með því áhorfendur í öllum landshornum, en hefur líka gefið út sögur og tónlist fyrir börn.



LIFANDI TÓNLIST

Hafnirfjörðingurinn Eyvindur Karlsson, sem leikur Skugga-Svein, hefur samið tónlistina í verkinu og leikur á beinahörpu, kassagítar, rafgítar, píanó,

Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir sem hafnirfjörðum leikhúsgestum er að góðu kunn en hún setti upp Ævintýri Múnkhásens, Hjartaspaða og Góða dátann Svejk og Hasek vin hans. Af



Sviðsmyndin er litrík og áhrifarik.

fyrri verkum hennar má nefna Klaufa og kóngsdætur, Eldhús eftir máli, Halldór í Hollywood, Dýrin í Hálsaskógi, Línu langsockk, Öldina okkar, Kvenfólk og óperurnar Ástardrykkinn, Töfraflautuna og Rakarann í Sevilla.

Leikmynd og búningar gerði Guðrún Öyahals en hún gerði einnig leikmyndina í Góða dátanum Svejk og Hasek vini hans, en af öðrum verkum hennar má nefna Ástardrykkinn, Bólu-Hjálmar, Cosi van tutte og Ballið á Bessastöðum.

Grímur og leikgervi gerði Vala Halldórsdóttir. Hún starfaði við Norsku óperuna og víða í Evrópu með þýska farandleikhúsinu Zelpalast Mertzig, auk ýmissa verkefna í sjónvarpi og kvikmyndum. Hún hefur m.a. unnið við sýningarnar Woyzeck, Madama Butterfly, Töfraflautuna, The Addams Family og Nine to Five.

Um lýsingu sér Skúli Rúnar Hilmarsson en hann starfar nú í fyrsta sinn í Gaflaraleikhúsinu en hefur unnið með Leikfélagi Kópavogs undanfarna 4 áratugi jafnt sem smiður, höfundur, leikari og ljósaönnuður.



VIÐBURÐA- OG VERKEFNASTYRKIR 2018

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna og viðburða á sviði menningar og lista sem efla og styrkja hafnirfjörðum menningarlíf.

Umsóknarform á MÍNAR SÍÐUR á hafnarfjordur.is

Umsóknir eru metnar eftir markmiðum verkefna og hvernig þau nýtast til að efla fjölbreytt menningarlíf, bæjarbúum og hafnirfjörðum lista- mönnum til góðs. Tekið er mið af raunhæfni verkefna og kostnaðar- áætlun auk tíma- og verkáætlunar. Auk áætlana þurfa að koma fram upplýsingar um markmið umsóknar, styrkuppþæð og aðra fjármögnun.

Skilafrestur umsókna er fyrir 15. febrúar 2017

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Fjör á fermingarhátíð þriggja kirkjusókna

sf

Sunnudaginn 28. janúar var sam-
eiginleg fermingarhátíð þjóðkirkju-
safnaðanna í Hafnarfirði og Garðabæ.
Um 320 börn ásamt fermingarfræður-
um tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá undir
yfirkriftinni „Betri eru tveir en einn“,
en þemað var vinátta og kærleikur.
Vegna mikils fjölda fór dagskráin fram
í þremur kirkjum og óhætt að segja að
hvert rými hafi verið fullnýtt.

Fræðsludagskrá fyrir drengi fór fram
í Hafnarfjarðarkirkju og fyrir stúlkur í
Vidalínskirkju. Góðir gestir, Brynja
Dan Gunnarsdóttir og Guðjón Reykdal

Óskarsson komu í heimsókn og ræddu
við börnin um hvernig við sýnum
vinum okkar stuðning í verki.

Einnig var horft á stuttmynd um
óvenjulega vinátta, farið í leiki sem
reyna á traust og hvernig við brjótum
ísinn í samskiptum.

Öllum var boðið upp á pítsu og svo
var farið með rútu í Víðistaðakirkju þar
sem hóparnir sameinuðust í fjörugri
lokastund. Hljómsveitin Sálmarí spilaði
og Jón Jónsson söng með börnunum.



Eftir að strákarnir höfðu verið í
Hafnarfjarðarkirkju og stúlkurnar í
Vidalínskirkju hittust allir í
Víðistaðakirkju þar sem Jón Jónsson
skemmti og boðið var upp á pítsu.



Knatthús í Kaplakrika

Helga Ingólfssdóttir, bæjarfulltrúi og
formaður umhverfis- og framkvæmda-
ráðs hefur óskað eftir að koma
eftirfarandi á framfæri í kjölfar um-
fjöllunar Fjarðarfretta í síðasta tölublaði
um ádeilu á stjórnarsýslu vegna útboðs á
knattspyrnuhúsi í Kaplakrika:

„Samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið
2018 gerir ráð fyrir að byggingu
knattshúss á Kaplakrika í samræmi við
fyrirliggjandi deiliskipulag.

Í greinargerð með fjárhagsáætlun á
bls. 50 má lesa eftirfarandi:

Fyrsti áfangi samkvæmt tillögu ÍBH
er bygging knattshúss hjá Fimleikafélagi
Hafnarfjarðar. Ráðgert er að fram-
kvæmdir hefjist á árinu 2017 og verður
70 milljónum króna varið í verkefnið á
árinu 2017. Um er að ræða fjármagn
sem ætlað var í endurnýjun gervi-
grasvallar hjá Fimleikafélagi Hafnar-
fjarðar, sem ekki verður endurgerður.
Þá er gert ráð fyrir að haldið verði

áfram með framkvæmdir við knattshúsið
á árinu 2018. Í framkvæmdina verði
varið 200 milljónum króna á árinu
2018. Gert er ráð fyrir að framkvæmd-
um ljúki á árinu 2019 og þá verði varið
í verkefnið 450 milljónum króna.
Samtals gerir áætlunin ráð fyrir að
framkvæmdin kosti um 720 milljónir
króna.

Bygging knattshúss hjá FH verður í
100% eign Hafnarfjarðarkaupstaðar
og verður framkvæmdin boðin út. Verður
það gert fyrir lok árs 2017.

Að beiðni sviðstjóra Umhverfis- og
skipulagssviðs var honum heimilað
með öllum greiddum atkvæðum á
fundi umhverfis og framkvæmdaráðs
þann 10. janúar. sl. að auglýsa alútböð
vegna verkefnisins og var sú afgreiðsla
í fullu samræmi við fyrirliggjandi
fjárhagsáætlun og greinargerð með
henni.“



Fyrsti opinberi hafnfirski blakleikurinn

Haukar kepptu fyrsta opinbera leikinn sinn í blaki í Hafnarfirði móti úrvalsdeildarliði Þróttar

Blakdeild Hauka fagnar 4 ára afmæli sínu í haust. Í byrjun var aðeins kvenfólk sem sýndi íþróttinni áhuga og þrátt fyrir að konur séu enn í meirihluta eru karlar líka farnir að æfa blak af fullum krafti.

Á sunnudagskvöldið var fyrsti opinberi heimaleikur hafnfirski blakliðs er kvennaliðið keppti við úrvalsdeildarliði Þróttar úr Reykjavík í bikarkeppni Blaksambands Íslands. Úrslit leiksins komu sennilega fæstum á óvart, 3-0 fyrir Þrótt sem vann fyrstu hrinuna 25-19, aðra hrinuna 25-13 og lokahrinuna 25-9.

Haukastúlkur sýndu mikinn baráttuvilja og leikgleðin var mikil þótt við ofurefli væri við að etja. Þær fengu góðan stuðning af áhorfendapöllumum og stemmningin var góð.

Í leikslok færði Karólína Helga Vilhjálmstöttir, formaður blakdeildar Hauka leikmönnum beggja liða rósir og í tilefni tímamótanna var stillt upp í myndatöku.

Í dag eru um 90 sem æfa blak með Haukum, um 60 konur og um 30 karlar en 21 nýliði hóf æfingar núna eftir



Fjölmargir mættu til að hvetja sitt lið áfram á Ásvöllum á sunnudaginn.

áramótin. Mismunandi er hversu oft hóparnir æfa en keppnishóparnir æfa 3svar í viku. Haukar eru með lið í 4., 5. og 6. deild kvenna og í 5. deild karla og eru liðin í 1.-3. sæti í sinni deild.

Þetta er þó ekki fyrsti opinberi blakleikurinn í Hafnarfirði því landsleikur í blaki var leikinn í Íþróttahúsinu við Strandgötu árið 1974 en þar var einnig haldið haustmót sama ár þar sem keppt var eftir Monrad kerfi skákmanna, sterkustu liðin léku alltaf saman.

Jason Ívarsson, formaður Blaksambands Íslands og Karólína Helga Simonardóttir, formaður blakdeildar Hauka.



Karólína Helga Simonardóttir, formaður blakdeildar Haukar færði öllum leikmönnum rós í lok leiksins.



Mikil stemmning var í Haukaliðinu og engin uppgjöf þrátt fyrir harða mótsoðu.



Lið Þróttar og Hauka stilltu sér upp í myndatöku að leik loknum í tilefni af tímamótunum.

Tillögur um lífsgæðasetur í húsnæði St. Jósefsspítala

Starfshópur um notkun húsnæðisins hefur skilað af sér nánari tillögum um nýtingu hússins

Í nóvember sl. samþykkti bæjarráð að fela starfshópi um notkun húsnæðis St. Jósefsspítala að útfæra nánari tillögu hópsins um Lífsgæðasetur undir yfirskriftinni HEILSA – SAMFÉLAG – SKÖPUN.

Í starfshópnum voru: Guðrún Berta Daniélsdóttir, Karl Guðmundsson, Sigríður Björk Jónsdóttir, Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir en starfsmaður og verkefnisstjóri var Sigríður Kristinsdóttir.

FÉLAG UM REKSTURINN

Hópurinn skilaði af sér nýlega og er lagt til að í húsinu verði samfélag sem býður upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur. Telur hópurinn að ákjósanlegast væri ef stofnað yrði sér félag utan um rekstur húsnæðisins. Myndaður yrði samstarfsvettvangur í stað stjórnar til að forðast fjárhagslegar skuldbindingar stjórnarmanna og tryggja að bæði Hafnarfjarðarbær og aðilar úr atvinnulífnum hafi aðkomu að rekstri hússins.

VERKEFNASTJÓRI RÁÐINN


Bæjarráð samþykkti á fundi sínum sl. fimmtudag, þar sem tillögur hópsins voru kynntar, að fela bæjarstjóra að undirbúa ráðningu verkefnastjóra og skipan samstarfsvettvangs um rekstur starfsemi í St. Jósefsspítala. Erindisbréf samstarfsvettvangs á að leggja fyrir næsta fund bæjarráðs.

Úttekt var gerð á húsnæðinu á síðasta ári og skv. henni munu viðgerðir á húsinu kosta um 220 milljónir kr.

Tillögumunum er skipt niður eftir húsnæðishlutum og í meginráttum eru tillögur hópsins eftirfarandi.

KAPELLAN

Kapellan sem er 112 m² verður samkomustaður hússins og mætti nýta til fjölbreyttra mannamóta. Kapellan getur



Lísem: Vignir Guðmason

nýst vel sem fundarsalur, undir námskeið, léttu leikfimi. Utan opnunartíma væri hægt að leigja hana fyrir fundi, til félagsamtaka og atburða á vegum þeirra sem reka starfsemi í St. Jósefsspítala.

Kapellan er hugsuð sem aðstaða fyrir þá rekstraraðila sem eru með starfsemi í húsinu og þurfa tímabundið á auknu plássi að halda. Kapellan er mikilvæg fyrir lífsgæðasetur og mun virka sem n.k. útvíkkun á starfsemi þeirra aðila sem munu leigja í húsinu og því verður mikilvægt að koma kapellunni í notkun sem fyrst.

TILRAUNAELDHÚSIÐ – KJALLARI – 337 M²

Í kjallara hússins er eldhúsið og tengd rými þar sem mögulegt er að halda einhvers konar eldhústarfsemi áfram. Þar mætti standa fyrir námskeiðum fyrir ýmsa hópa í fjölbreyttum tilgangi. Einstaklingar sem ekki hafa áður þurft að sjá um mat en standa einir í lífinu. Næringarfræðingar gætu t.d. staðið fyrir námskeiðum í samvinnu við félagsamtök.

Einnig gæti eldhúsið nýst sem tilraunaeldhús fyrir sprotafyrirtæki í

matvælaíðnaði þar sem fyrstu skref vörubróunar væru tekin.

ÞVOTTAHÚSIÐ/RÖNTGEN – KJALLARI – 200 M²

Hér væri hægt að hafa ýmis rými sem tengjast rekstri hússins eins og geymslur, tæknirými og önnur rými sem ekki krefjast þess að mikil umferð sé þar um. Þar sem lögð er áhersla á sveigjanleika í starfsemi hússins, má gera ráð fyrir auknu geymsluplássi fyrir

húsgögn og skilrúm og fleira sem tengist starfsemi.

FYRSTA HÆÐ – HEILSUEFLING OG FORVARNIR – 509 M²

Á fyrstu, annarri og þriðju hæð er 50 m² sameiginlegt rými eða hjartað í húsinu. Þetta rými er jafnstórt á öllum hæðunum og getur nýst sem samkomustaður eða félagsrými þar sem ýmsir aðilar sem annað hvort starfa við eða koma í lífsgæðasetur geta komið saman.

Fyrsta hæðin er aðalhöð hússins og hefur hún afar gott aðgengi. Þess vegna er lagt til að þar verði starfsemi sem tengist heilsueflingu og forvörnum af ýmsu tagi. Einnig eru þar að finna fjölbreytt rými að gerð og stærð sem geta hentað sem bæði skrifstofur eða meðferðarrými eða jafnvel fyrir endurhæfingu.

Suðurhluti – Lyflækningar

Rýmin eru frekar stór í þessum hluta hússins og væri á auðveldan hátt hægt að sameina rými til að fá allt að 40-60 m² rými. Hér væri tilvalið að hafa



Lísem: Vignir Guðmason

Kapellan verður nýtt undir fundi, námskeið og fleira.

hafnafirski fréttavefurinn

www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skoðuðu nýjustu fréttirnar – eða leitaðu í fréttasafninu



Um 220 milljónir kr. kostar að gera við húsið og koma því í nothæft starf ef marka má úttekt sem gerð var 2017.

þjónustu við eldri borgara sem taka þátt í heilsuefningu og/eda einstaklinga með skerta hreyfifærni. Í stærri rýmum væri mögulegt að bjóða upp á mælingar eða léttu leikfimi fyrir smærri hópa. Í smærri rýmum væri hægt að vera með viðtalsstíma og ráðgjöf.

NORÐURHLUTI OG HJARTAÐ

Í þessum hluta hússins er blanda af stærri og minni rýmum sem geta nýst fyrir skrifstofur, viðtalsherbergi, fundarherbergi tengd heilsuefningu og stjórnun hússins.

Í miðjurými er stórt opið svæði sem myndi vera tilvalið fyrir kaffistofu eða samverurými fyrir starfsfólk og gesti hússins. Mikilvægt er að gera heimilislega stemmingu sem gerir fólki auðvelt fyrir að eiga óformlega fundi og ýta undir samstarf og samvinnu allra sem í húsinu eru.

Hugmyndin er að útbúin verði myndlistarverkstæði og hönnunarverkstæði fyrir skapandi starf, einnig getur nýsköpun og önnur starfsemi hússins nýtt sér verkstæðin.

Skurðstofurnar henta vel til myndlistarkennslu og mögulegt væri að eiga samstarf við starfandi myndlistarskóla um að setja upp útibú í þessu rými eða fá aðila til að taka að sér námskeiðahald. Myndlistarskóla sem kennir klassísk myndlistarnámskeið og hönnun, teikningu, málun, keramik, mótun, vatnslitumálun og fl. Slík námskeið gætu verið fyrir annarsvegar börn og unglínga og hinsvegar fyrir fullorðna. Slík námskeið eru alla jafna seinnipart dags, eftir skóla fyrir börnin og fullorðna sem eru á vinnumarkaði en gætu verið á morgnana og eftir hádegi fyrir t.d. eldri borgara og þá sem eru í endurhæfingu. Hægt væri að bjóða þeim aðilum sem eru í húsinu og öðrum sem vilja að nýta

Norðurhluti og Hjartað

Á svipaðan hátt og á fyrstu hæð eru blönduð rými í þessum hluta. Í miðjurýminu er opið svæði fyrir samveru og kaffistofu. Í skrifstofum og sjúkrastofum leggjum við til að blanda nýsköpunarstarfsemi með aðstöðu fyrir smærri fyrirtæki. Mikilvægt væri að leggja upp með einhvers konar klasasamstarf, t.d. á sviði lífsgæða, lýðheilsu, heilbrigðis- tækni eða heilsu þannig að þessi starf-

semi geti nýst heildarstarfsemi. Slík aðstaða ætti að vera eftirsóknarverð með tilliti til aðgengis að notendahópum og raunverulegri endurgjöf á vörur eða þjónustu. Skortur er á aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki í bænum og yrði slík aðstaða án efa fljót að fyllast.

Á seinni stigum væri mögulegt að stefna að uppsetningu frumgerðasmiðju (t.d. Fablab) í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð, Frumbjörg eða aðra samþærilega aðila. Ekki ætti að þurfa miklar breytingar á þessu rými til að komast í gagníð sem fyrst.

ÞRIÐJA HÆÐ - RIS 397 M²

Efstu hæð hússins samanstendur af frekar litlum skrifstofum, fyrrum vistarverum systranna og einum rúmlega 50 m² sal. Lagt er til að skrifstofurnar verði nýttar fyrir fjölbreytta meðferðaraðila sem þurfa helst pláss fyrir samtali, t.d. sálfræðinga, félagsráðgjafa og aðra ráðgjafa á heilbrigðissviði. Stærri skrifstofur gætu nýst fyrir sérfræðinga í endurhæfingu, t.d. sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara. Salurinn myndi vel nýtast fyrir léttu leikfimi og/eda fyrirlestra. Salurinn myndi nýtast þeim sem starfsemi hafa í húsinu og mögulega öðrum eins og kapellan.

Lesi má skýrsluna í heild í frétt um málið á www.fjardarfrettir.is



Skurðstofurnar tvær geta fengið skapandi hlutverk.

ÖNNUR HÆÐ - SKAPANDI KJARNI - 518 M²

Handlækningar/skurðstofur

Skurðstofurnar eru skemmtileg og öðruvísi rými en öll önnur rými í húsinu. Þær eru 32 m² annars vegar og 36,7 m² hins vegar. Lagt er til að þessi hluti hússins verði nýttur fyrir skapandi starfsemi, t.d. myndlistarnámskeið og hönnunarnámskeið, og jafnvel listþerapiu.

aðstöðuna. Sem dæmi: ef starfsemi Lækjar flyst í húsið geta þeir sem þangað koma nýtt sér aðstöðuna fyrripart dags eða þar til námskeið hæfst seinnipart dags. Einnig má nefna listmeðferð fyrir þá sem eru í endurhæfingu og myndlistar- og hönnunarnámskeið fyrir fólk með fötlun sem verður með aðstöðu í skattstofunni neðar við götuna. Mikilvægt er að veita sem flestum aðgang að þessum skapandi rýmum.

OPIÐ HÚS

Mánudaginn 5. febrúar kl. 8-17 á Norðurhellu 2

Opið hús vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og vegna nýs deiliskipulags fyrir Ásvallabraut

Hægt verður að kynna sér tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Breytingin felst í að í stað tveggja tengibrauta sunnan núverandi byggðar verði ein braut, Ásvallabraut og lega hennar breytist þannig að hún tengist Kaldárselsvegi og Elliðavatnsvegi með hringtorgi neðan Hlíðarþúfnu, en tenging við Ásland 3 verður felld út.

Á sama tíma verður hægt að kynna sér nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut. Hægt verður að fá svör við spurningum sem tengjast þessari skipulagsgerð á Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Vegna formgalla við auglýsingu deiliskipulags Ásvallabrautar þarf að auglýsa hana aftur en þær athugasemdir sem bárust í maí sl. eru enn í fullu gildi.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettitir@fjardarfrettitir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettitir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar eru í Hafnarborg. Í aðalsal safnsins er það sýningin **Ultimate/Relative**, innsetning eftir Ráðhildi Ingadóttur. Í Sverrissal verður opnuð sýningin **Minningabrot og leyndir staðir** sýning á völdum myndum úr tveimur ljósmyndaseríum, Fragments of Rememberance og Hidden Places eftir danska ljósmyndarann Astrid Kruse Jensen.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettitir@fjardarfrettitir.is

Frá kynningarfundum um heilsuefingu eldri borgara með Janusi Guðlaugssyni 25. janúar sl. Troðfullt var út að dyrum í Hraunseli. – Sjá nánar á www.fjardarfrettitir.is

Um Strætó og Borgarlínu

Fjölmenni var á kynningarfundum um tillögu sérfræðinga um fyrirhugaða legu Borgarlínu í gegnum Hafnarfjörð sem gefur til kynna að íbúar eru áhugasamir um verkefnið sem er gott þar sem góðar almenningssamgöngur skipta okkur öll máli. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2014-2040 er gert ráð fyrir vinnu við samgönguás (Borgarlínu) í gegnum höfuðborgarsvæðið sem veitir forgang fyrir almenningssamgöngur til þess að tryggja að Strætó eða hraðvagnakerfi fyrir almenningssamgöngur fái forgang í umferðinni.

VÖNDUM TIL VERKA MEÐ BORGARLÍNU

Nú er það þannig með alla útreikninga til framtíðar hvort sem um er að ræða samgöngur eða önnur verkefni að gefnar eru ákveðnar forsendur sem unnið er út frá. Í grunnforsendum fyrir Borgarlínu er lagt upp með að farþegum í almenningssamgöngum muni fjölga úr 4% í 12% og þétting byggðar muni verða veruleg nálægt legu hennar. Full

ástæða er til að endurmeta þessar forsendur!

Þegar fyrstu tillögur verkefnastjórnar SSH um legu borgarlínu voru kynntar haustið 2016 gerði umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar athugasemd þess efnis að eðlilegt væri að Reykjanesbraut yrði hluti af Borgarlínu enda teljum við það verulegt hagsmunamál fyrir Hafnirfjörðina til lengri tíma lítið að tryggja góðar almenningssamgöngur austan megin á höfuðborgarsvæðinu.

Þar sem skipulagsvinna er mjög tímafrek og það svæðisskipulag sem unnið er eftir á að gilda til ársins 2040 er umhugsunarefni að Reykjanesbraut sé ekki inni í myndinni sem hluti af þessum samgönguás, sérstaklega þegar fyrir liggur að íbúakjörnum mun fjölga verulega meðfram Reykjanesbrautinni og má þar nefna byggingu Urriðaholts og uppbyggingu við Vífilsstaði og Smáralind.

Ekki liggur fyrir með hvaða hætti framkvæmdir vegna Borgarlínu verða fjármagnaðar en rétt er um að hver

kílómetri gæti kostað um einn milljarð. Ákvæði í stjórnarsáttmála um stuðning við Borgarlínu gefur góð fyrirheit en ekkert hefur verið staðfest varðandi aðkomu ríkisins.

BETRI STRÆTÓ?

Þegar íbúar velja sér samgöngumáta líta þeir til tímalengdar ferða og ef nota á almenningssamgöngur þá skiptir líka máli hve oft þarf að skipta um vagn. Forgangstreinar tryggja áreiðanleika og því mikilvægt að vinna á forsendum svæðisskipulagsins haldi áfram. Þá er ýmislegt í þeim tillögum sem fram hafa komið varðandi Borgarlínu sem mætti taka til skoðunar í núverandi kerfi Strætó eins og farmiðasjálfsalar, upplýsingaskilti sem sýna í rauntíma hvenær næsti vagn kemur og betri biðskýli. Nú stendur yfir endurskoðun á leiðakerfi innanbæjaraksturs í Hafnarfirði auk þess að áfram verður unnið að því að bæta leið 21 og stytta ferðatíma innan bæjarins.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður umhverfis og framkvæmdaráðs.



Ljóm.: Guðni Ólafsson

Gott að eldast – í Hafnarfirði

Húsfyllir var á kynningarfundum um heilsuefingu eldri borgara í Hafnarfirði í síðustu viku þar sem kynnt var dagskrá byggð á samstarfssamningi um heilsuefingu allt að 160 íbúa Hafnarfjarðarbæjar 65 ára og eldri sem var undirritaður af bæjarstjóra Hafnarfjarðar og Janusi Guðlaugssyni þann 4. janúar sl. Með samningnum sem er liður í áherslu Hafnarfjarðarbæjar um heilsusamleg samfélag er verið að hvetja eldri borgara til hreyfingar og hollra lífsháttá sem leiðir til betri lífsgæða.

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTYRKIR

Á þessu ári hækkuðu ípróttá- og tómsundastyrkir til 67 ára og eldri úr kr. 1.700 í kr. 4.000 á mánuði og verða því alls kr. 48.000 á ári. Með þessu var

ákveðið að styrkirnir fylgi framvegis þróun frístundastyrkja fyrir börn og ungmenni og er til þess fallinn að hvetja til hreyfingar, bæta líðan og lífsgæði eldri borgara. Á heimasíðu Landssambands eldri borgara kemur fram að samkvæmt lauslegri athugun er ekki sambærilegur stuðningur við ípróttá- og tómsundastarf eldri borgara í öðrum sveitarfélögum. Auk þessa er frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

OG SVO MARGT FLEIRA

Mikilvægt skref í að eldri borgurum og öryrkjum sé gert kleift að búa í eigin húsnæði var stigið með samþykkt í nýrri fjárhagsáætlun um stórauðinn tekjutengdan aflsátt á fasteignaskatti. Tekjuviðmið einstaklinga sem fá 100% afslátt af fasteignaskatti hafa hækkað á

kjörtímabilinu úr kr. 2.600.000 í kr. 5.013.000, tekjuviðmið hjóna/fólks í skráðri sambúð hafa hækkað á sama tíma úr kr. 3.630.000 í kr. 6.405.500, nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Hafnarfjarðar bær rekur þrjár félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara, þær eru Hraunsel við Flatahraun, þar fer fram öflugt starf Félags eldri borgara í Hafnarfirði, á Hjallabraut 33 og Sólvangsvægi 1 er fjölbreytt þjónusta og tómsundur, þar er einnig hádegismatur í boði gegn vægu gjaldi. Félagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar sér um margs konar þjónustu við eldri borgara sem vert er að kynna sér. Það er af nógu jákvæðu að taka í mál-efnum eldri borgara í Hafnarfirði. Hvet ég alla sem komnir eru á efri ár að nýta sér þá þjónustu og afþreyingu sem er í boði.

Höfundur er bæjarfulltrúi (D).

Kostir og gallar Borgarlínu

Borgarafundur

Félag Viðreisnar í Hafnarfirði stendur fyrir borgarafundi í Bæjarbíói á þriðjudaginn kl. 20. Frosti Sigurjónsson rekstrarhagfræðingur og f.v. alþingismaður og Lilja G. Karlsdóttir samgönguverkfæringur munu halda fram-sögu um kosti og galla fyrirhugaðrar Borgarlínu. Einnig mun Hrafnkell Karlsson menntaskólanemi ræða um sína sýn á billausum lífsstíl.

Fundurinn er öllum opin en fundinum verður streymt á facebook síðu Viðreisnar í Hafnarfirði

Gaflaraleikhúsið kynnir



Í SKUGGA SVEINS

Stórskemmtilegur fjölskyldusöngleikur
eftir Karl Ágúst Úlfsson

Sýningar

sunnudag 4. febrúar kl. 13.00
sunnudag 11. febrúar kl. 13.00
sunnudag 18. febrúar kl. 13.00
sunnudag 25. febrúar kl. 13.00



MIDI.IS

midasala@gaflaraleikhusid.is

Skolp óhreinsað í sjóinn

Bilun í hreinsi- og dælustöðinni Hraunavík sunnan byggðar

Bilun kom upp í dælum í hreinsi- og dælustöð Hafnarfjarðarbæjar í Hraunavík á þriðjudag. Um stöðina fer allt skolp úr Hafnarfirði í gegnum gróf-hreinsibúnað og er svo dælt 2 km á haf út.

Ekki var óhætt að keyra hreinsibúnað stöðvarinnar á fullum afköstum meðan unnið er að viðgerðum og hluta skólps frá stöðinni var því hleypt fram hjá kerfinu og beint út í sjó í neyðarlögn sem nær mun styttra út í sjó en aðal-lögnin eða rétt niður fyrir fjörumörk.

Viðgerð mun taka sólarhring eða tvo í mesta lagi að mati þeirra sem voru á vettvangi.

Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var strax gert viðvart um bilunina og ljóst var til hvaða aðgerða þyrfti að grípa.

Tvö ár eru síðan alvarleg bilun varð í búnaði miðlunartanki í „Ósnum“ og rann þá mikið óhreinsað skolp um langan tíma í sjóinn.

Dælustöðin sunnan golfvallarins.



ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

1. feb. kl. 19.30, Seltjarnarnes
Gróttta - FH, úrvalsdeild karla
- 3. feb. kl. 14.15, Ásvellir**
Haukar - ÍBV, úrvalsdeild kvenna
4. feb. kl. 14, Varmá
Afturelding - FH, úrvalsdeild karla
4. feb. kl. 20, Framhús
Fram - Haukar, úrvalsdeild karla
- 4. feb. kl. 17, Kaplakriki**
FH - Víkingur, úrvalsdeild karla
6. feb. kl. 19.30, Digranes
HK - Haukar, bikarkeppni kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Gróttta: 36-21
FH - Fylkir: 15-20
FH - ÍR: 17-29
ÍBV - Haukar: 27-27

ÚRSLIT KARLA:

Gróttta - FH: (miðvikudag)
Haukar - Stjarnan: 33-26

Körfubolti:

- 2. feb. kl. 20, Ásvellir**
Haukar - Tindastóll, úrvalsd. karla
4. feb. kl. 18, Smárinn
Breiðablik - Haukar, úrvalsd. kvenna
4. feb. kl. 20, Egilsstaðir
Höttur - Haukar, úrvalsd. karla

ÚRSLIT KARLA:

Keflavík - Haukar: 70-73

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Valur: (miðvikudag)

Knattspyrna:

- 2. feb. kl. 19.30, Ásvellir**
Haukar - IA, Faxaflóamót kv. B
3. feb. kl. 18, Garðabær
Stjarnan - FH, Faxaflóamót kv. A

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Breiðablik: 2-1
Keflavík - Haukar: 1-3

Mið-flokkurinn óákveðinn

Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis tekur ákvarðanir um og vinnur að framboðum sveitarstjórna í samráði við deildir/staðarfélög, eins og í Hafnarfirði.

„Miðfloknum gekk mjög vel í Alþingiskosningunum, en það hefur ekki verið tekin ákvörðun um framboð, eða valið, en stefnt er að því að bjóða fram í stærstu sveitarfélögum landsins,“ segir María Óskarsdóttir formaður nýs Miðflokksfélags Suðvesturkjördæmis í svari til Fjarðarfréttu.

Lifandi laugardagur

Útsölulok Enn meiri afsláttur Götumarkaður

FJÖRÐUR

Verzlunarmiðstöð Hafnarfirði



BLÖÐRU-

listamaður
frá
Sirkus Íslandi

TÓNLIST

Þórður
verður
á harmonikkunni



ANDLITS-

málun
fyrir börnin



RAT-

leikur
af bestu gerð.
Þú byrjar í

KÓSÝ
HORNÍÐ